

Blaðamaðurinn



Apríl 2005 • 2. tbl. • 27. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Blaðamanna Verðlaun

Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttind og þess vegna segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrirmæli um aðalþingmál hafi verið ólögsömuð gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur velgameiri sjónarmið elgi við. Slíkar takmarkanir eru óheimil og óheimil athugun.

Í Goodwin málinu áðurnefndu að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin, ungur blaðamaður fyrir fyrirtækið Engineer, sem fjallar um þetta mál í sínu blaði Tetra væri í kringum. Fyrirtækið fór fyrir í því augnamiði að komast að því hvaða starfsmaður hefði lekið þessum upplýsing-

• **Fjölmíðla-
umfjöllun
og sakamál**

• **Ólíkir fjölmíðlar
– ólík vinnubrögð**

• **Opinber
málsmeðferð
og hlutverk fjölmíðla**

Mannlegur
harmur
í sviðsljósi



- **Rökstuðningur
dómnefndar
Blaðamannaverðlauna**
- **Verðlaunamyndir
blaðaljósmyndara**
- **Félagatal
Blaðamannafélagsins**

Yfirskrift rökstuðninga Fjölmíðla-
g kynþáttarinnar. Fjölmíðla-
nerust aðalláttan hlutverki og skulu
ölmíðla í fjölmíðla-
inn fyrirtesamir minni fjölmíðla-
væri að endu þegla samfélags-
ja að innflytjum og öðrum minni-
ópum væri þátt jafn háttur hóf og
örum samfélagsþópum minni-
ö fjölmíðla-
agnvart sjálfvöldum fyrir hönd inn-
nda eins og annarra samfélagsþóp-
ddir beitra væru ekki eins háværar og



EFNI BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4 Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna ársins 2004
- 5 Rökstuðningur dómnefndar vegna Blaðamannaverðlauna 2004
- 6 Verðlaunamyndirnar 2004
- 12 Á Pressuballi

Umræðan

- 14 Mannlegur harmleikur í sviðsljósinu
- 15 Sveinn Helgason: Ólíkir fjölmiðlar – ólík vinnubrögð
- 18 Dr. Hildigunnur Ólafsdóttir: Fjölmiðlaumfjöllun um sakamál frá sjónarhóli afbrotafræðinnar
- 21 Sigurður Tómas Magnússon: Opinber málsmeðferð og hlutverk fjölmiðla

Félagið

- 28 Félagaskrá Blaðamannafélagsins

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent Stíll

Prentun: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: Bjarnleifur

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155, bréfsími 553-9177 og netfang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 11.00–15.00. Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Mynd ársins 2004 eftir Ragnar Axelsson. Myndin heitir „Er einhver heima?“ Sjá nánar á bls. 6.

Breyttur fjölmiðlaveruleiki

Mikið umrót og gerjun á sér nú stað í umræðunni um íslenskan fjölmiðlamarkað. Fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra hefur skilað skýrslu, nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið hefur komið fram á Alþingi og þar hefur einnig verið borin fram þingsályktun um að staða staðbundinna fjölmiðla verði könnuð. Þá hefur Samkeppnisráð nýlega fellt úrskurð um tengsl fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðla. Samfélagsþróunin og stórstígar tækniframfarir á öllum sviðum fjarskipta og samskiptatækni gera það að verkum að lausnir og úrræði gærdagsins þarf að endurskoða og uppfæra strax í dag. Allt er þetta til vitnis um það miðlæga hlutverk sem fjölmiðlar hafa í samfélagi nútímans og er áminning um mikilvægi blaðamennskunnar fyrir daglegt líf einstaklinga og samfélagsins í heild. Sú krafa beinist því að blaðamönnum að þeir sjálfir fylgi með og séu fullkomlega með á nótunum í síbreytilegu umhverfi.

Fjölmiðlaflóran í landinu hefur breyst mikið síðustu misseri og breytingarnar hafa ekki einvörðungu verið af tæknilegum rótum. Ný tegund blaðamennsku hefur í raun haslað sér völl og nýjar raddir heyrast nú í hljómkviðum opinberrar umræðu. Þessar raddir einkennast m.a. af meiri ágengni en áður hefur þekkt og öðrum viðmiðum t.d. í umfjöllunum um persónuleg mál og einkalíf fólks. Stærsta einstaka skrefið á þessari leið var stigið með endurreisn DV í núverandi mynd, þar sem bæði myndbirting og nafnbirting fólks sem verið er að fjalla um er gerð að aðalreglu, jafnvel þótt um viðkvæm mál eða sakamál sé að ræða. Þrátt fyrir gríðarleg viðbrögð við nýjum stíl og viðmiðunarreglum hefur til þessa einungis borist ein kæra til siðanefndar vegna hinnar nýju ritstjórnarstefnu á DV, sem er athyglisvert í ljósi þess hve umdeilt og umrætt þetta málefni er. Það er í það minnsta ljóst að vakning hefur orðið í umræðunni um hvernig og að hve miklu leyti viðkvæm og persónuleg málefni einstaklinga eiga erindi í opinbera umræðu á vettvangi fjölmiðlanna. Til marks um þessa vakningu er gagnmerkt málþing sem Blaðamannafélagið, Biskupsstofa, Dómstólaráð og Lögmannafélag Íslands héldu í Neskirkju nú í mars undir yfirskriftinni „Mannlegur harmleikur í sviðsljósinu – umfjöllun fjölmiðla um sakamál.“ Eins og yfirskriftin gefur til kynna þá voru á þessu málþingi reifuð ýmis þau álitamál sem uppi eru um umfjöllun um persónulega harmleiki í fjölmiðlum og er greinilegt að þarna er mál sem þarfnast skoðunar og umræðu langt út fyrir fundarsal Neskirkju. Í þessu tölublaði Blaðamannsins eru birtar þrjár greinar sem byggja á erindum sem þarna voru flutt og vonandi verða þær innlegg í almenna óformlega umræðu um málið rétt eins og erindin sem þær byggja á þjónuðu slíku hlutverki á málþinginu.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður
Jóhann Hliðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðamaður Mbl.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV
Haflíði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður Fréttablaðinu

Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.
Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Vísir:

Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson

Fréttablaðið:

Kristján Hjálmarsson

Fróði:

Fríða Björnsdóttir

Heimur:

Anna Margrét Björnsson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri
Stefán P. Eggertsson, fulltrúi útgefenda
Hreinn Pálsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson blaðamaður
Þór Jónsson, blaðamaður

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna ársins 2004

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna Blaðamannafélags Íslands tilkynnti um tilnefningar til verðlaunanna fyrir árið 2004 viku fyrir sjálfa afhendinguna, eða í byrjun febrúar. Þrjár tilnefningar eru í hverjum flokki fyrir sig og voru þær þessar:



Elin Albertsdóttir afhendir Árna Þórarinssyni Blaðamannaverðlaun ársins 2004.



Jóhannes Tómasson afhendir Bergljótu Baldursdóttur verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins 2004.



Kristinn Hrafnsson tekur við verðlaunum fyrir rannsóknarblaðamennsku úr hendi Lúðvíks Geirssonar. Birgir Guðmundsson í bakgrunni.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2004

Kristinn Hrafnsson, DV. Fyrir upplýsandi fréttir af örlögum íslensks drengs, Arons Pálma Ágústssonar, í fangelsi í Texas.

Ómar Þ. Ragnarsson, RÚV - Fréttastofu Sjónvarps. Fyrir að draga fram ný og óvænt sjónarhorn um umhverfisáhrif stórvirkjunar við Kárahnjúka.

Páll Benediktsson, RÚV - Í brennidepli. Fyrir umfjöllun um samfélag dósasafnara í Reykjavík.

Besta umfjöllun ársins 2004

Bergljót Baldursdóttir, RÚV - Fréttastofu útvarpsins, Morgunvaktinni. Fyrir ítarlega og fróðlega úttekt á stöðu og velferð aldraðra.

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu. Fyrir skrif sín af vettvangi stríðsátaka í Írak og innsýn í daglegt líf fólksins þar.

Þórhallur Jósefsson, RÚV - Fréttastofu útvarpsins. Fyrir umfjöllun um Impregilo og starfsmannamál þess við Kárahnjúka.

Blaðamannaverðlaun ársins 2004

Árni Þórarinsson, Morgunblaðinu. Fyrir ítarlega og greinargóða fréttaskýringu um forsetatið Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna sl. sumar.

Gunnar Hersveinn, Morgunblaðinu/19. júní. Fyrir athyglisverð skrif um mannlíf á sviði jafnréttis-, uppeldis- og menntamála.

Sigríður D. Auðunsdóttir, Fréttablaðinu. Fyrir vandaðar og ítarlegar úttektir sem settar eru fram á myndrænan og skýran hátt.



Þorvaldur Örn Kristmundsson (t.h.) afhendir Ragnari Axelssyni verðlaunagrip fyrir mynd ársins 2004.

Rökstuðningur dómnefndar vegna Bláðamannaverðlauna 2004

Hér á eftir fer rökstuðningur dómnefndar fyrir Bláðamannaverðlaunum 2004 í öllum þrem flokkum, en í dómnefndinni sátu þau Birgir Guðmundsson, formaður, Elin Albertsdóttir, Jóhannes Tómasson og Lúðvík Geirsson.

Rannsóknarbláðamennska ársins 2004:

Kristinn Hrafnsson, DV. Fyrir upplýsandi fréttir af örlögum íslensks drengs, Arons Pálma Ágústssonar, í fangelsi í Texas.

Rökstuðningur:

Fréttir Kristins Hrafnssonar og DV af máli Arons Pálma Ágústssonar hristu rækilega upp í íslensku þjóðinni á síðasta ári og settu umræður um réttindi og stöðu barna í vestrænum lýðræðisríkjum í nýtt ljós. Málið tvinnaði saman persónuleg örlög einstaklings og mikilvægar spurningar um þjóðfélagsleg grundvallaratriði. Þar á meðal voru spurningar um mismunandi syn á réttarrikið, gildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eðli refsinga og betrunar. Málið krafðist vandaðra vinnubragða, rannsóknar og útsjónarsemi, enda þurfti að safna upplýsingum í stjórnkerfum og víðar bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi. Kristinn og DV fylgdu málinu vel eftir og tókst að halda aðalatriðum skýrum og auðskiljanlegum, þrátt fyrir að á köflum hafi óaðgengileg lagatæknileg atriði leikið stórt hlutverk í málinu.

Besta umfjöllun ársins 2004

Bergljót Baldursdóttir, RÚV – Fréttastofu útvarpsins, Morgunvaktinni. Fyrir ítarlega og fróðlega úttekt á stöðu og velferð aldraðra.

Rökstuðningur:

Heildstæð úttekt Morgunvaktarinnar á málefnum aldraðra í 12 þáttum í árslok 2004 dró fram fjölmargar óvæntar hliðar á kringumstæðum og þjóðfélagslegri stöðu þeirra sem komnir eru á eftirlaunaaldur – einkum þó þeirra sem þurfa á aðstoð að halda frá opinberum aðilum eða stofnunum. Aðalhöfundur þessa efnis, Bergljótu Baldursdóttir, tókst að bregða ljósi á ýms atriði sem sjaldan hafa verið í opinberri umræðu, s.s. skert persónuréttindi aldraðra og ýmsar lítil-lækkandi aðstæður sem virðast kerfislægar. Málefni aldr-

aðra voru skoðuð út frá fjölmörgum hliðum og studdi framsetning viðtala og önnur úrvinnsla vel við megininntak umfjöllunarinnar. Það jók enn á gildi þáttaraðarinnar að þar kom fram merkileg „hörð“ frétt um einstakt tilvik þar sem gamall maður á öldrunarstofnun hafði fengið aðsvíf, dottið og slasast. Hann lést síðan af völdum meiðslanna og voru ættingjar mjög óánægðir með viðbrögð starfsfólks og var málið í kjölfarið kært.

Bláðamannaverðlaun ársins 2004

Árni Þórarinsson, Morgunblaðinu. Fyrir ítarlega og greinargóða fréttaskýringu um forsetatið Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna sl. sumar.

Rökstuðningur:

Fréttaskýring Árna Þórarinssonar sem birtist í tvennu lagi í Timarití Morgunblaðsins og fjallaði um forsetatið Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna eru dæmi um mjög vandaða bláðamennsku. Þar er tekið á þjóðfélagslega mikilvægu en jafnframt mjög eldfimu máli af festu og hlutlægni og nýju ljósi varpað á viðfangsefni sem almenningur hefur haft daglega fyrir augum og taldi sig þekkja til hlítar. Fréttaskýringin var sérstaklega vel skrifuð – eins og raunar flestar greinar Árna – og hún bar vitni vandaðrar og víðtækrar bakgrunnsvinnu. Sú rannsóknarvinna skilaði sér m.a. í því að fjölmörg ný atriði varðandi forsetann og forsetatið hans komu fram í dagsljósið. Það þarf kjark til að ráðast í vandasamt verkefni eins og þetta á svo viðkvæmum tímamarki og það þarf frábæra bláðamennsku til að klára það jafn vel og raun bar vitni.



Verðlaunamyndirnar

Hér á eftir fara verðlaunamyndirnar af sýningunni Myndir ársins 2004, en dómnefnd valdi myndirnar og rökstuddi val sitt. Í ár skipuðu dómnefndina þeir Bjarni Eiríksson, Ari Sigvaldason og Friðrik Friðriksson.

2004



Mynd ársins



Ragnar Axelsson/
Morgunblaðið

Er einhver heima?

Hjördís Jónsdóttir, beitningakona í Siggabúð í Bolungarvík, gefur sér tíma frá störfum til að hringja heim og huga að fjölskyldunni. Myndin fylgdi greinaflokki Morgunblaðsins um Vestfirði og Norðurland vestra, en þar kom fram að frá 1990 til 2003 fækkaði Vestfirðingum um 20% og fólki á Norðurlandi vestra um 12,4%.

Álit dómnefndar

Myndin er sterk og vel uppbyggð. Hún einkennist af fallettri birtu og lýsir vel umfjöllunar-efninu, mikilli fólksfækkun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra síðustu árin.

Störfin í landi eru ótrygg. Í bakgrunni sjást togararnir en ólíkt fólkinu eru þeir engu bundnir. Landfestar má leysa í snatri og gera þá út annars staðar.



Fréttamynd ársins 2004



Brynjar Gauti
Sveinsson/
Morgunblaðið

Hart var sótt að Þórolfí Arnasyni borgarstjóra Reykjavíkur vegna meintrar aðildar hans að ólöglegu samráði oliufélaganna. Fyrirspurnum um pólitíska framtíð hans fékkst þó í engu svarað fram á síðustu stund og var loft lævi blandið í Ráðhúsinu undir lokin eins og þessi fréttamynd ársins fangar einstaklega vel. Það er Ólöf Rún Skúladóttir sem hér er í farabroddi fjölmiðlafólks.

„Ekki orð“


Álit dómnefndar

Það sem einkennir góða fréttaljósmynd er að hún, ein og óstudd, segir sögu og þarfnast ekki skýringa. Myndin sýnir Þórolf Arnason borgarstjóra á hlaupum með fjölmiðlafólk á hælum sér. Hann reisir upp fingur til merkis um að hann þurfi meiri tíma en í bakgrunni er skilti sem vísar á neyðarútgang úr Ráðhúsinu. Myndin fangar augnablikið einstaklega vel og er um leið táknað fyrir atburðarrásina sem leiddi til afsagnar Þórolf.



Kjartan Þorbjörnsson/
Morgunblaðið

Íþróttamynd ársins



„Á flugi í Aþenu“

Rúnar Alexandersson flýgur á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004.

Álit dómnefndar

Þessi mynd sýnir kraft, einbeitingu og þann vilja sem þarf til að ná árgangri á stórmóti eins og Ólympíuleikum. Hún er tæknilega vel gerð, því augnabliki sem þessu er erfitt að ná í hinum hraða heimi íþróttanna og krefst bæði reynslu og kunnáttu.



Portrett



„Heiðar og Hanna“

Heiðar Ástvaldsson hefur kennt landsmönnum að dansa í næstum hálfri öld og engan bilbug á honum að finna. Heiðar og kona hans Hanna Frímansdóttir taka sporið.

Álit dómnefndar

Það er reisin yfir þessum glæsilegum hjónum. Í myndinni endurspeglast karakter fólks sem helgað hefur líf sitt dansinum og kennt þúsundum Íslendinga að dansa, með bros á vör. Hinn suðræni bakgrunnur á einstaklega vel við.



Kjartan Þorbjörnsson/
Morgunblaðið

Landslagsmynd ársins



Ragnar Axelsson/
Morgunblaðið

„Íshlið í handanheimum“

Veturinn kom með miklum hvelli, úrkomu og roki. Krapí og ísing lagðist yfir allt í Staðarsveit og úr venjulegu hliði varð þetta furðuverk.

Tímaritamynd ársins



Hreinn Hreinnsson/
Fróði



„Stíll í stofu“

Álit dómnefndar

Myndin er mjög tímaritaleg, hnitmiðuð í hugsun, allir hlutir og hugsun hárfint augnablik ljósmýndarans, hugskot hans er greinilega skipulagt og vel samstillt ljósi og mynd!



Daglegt líf ársins



Ásdís Ásgeirsdóttir/
Morgunblaðið

Starfsfólk og heimilisfólk á Grund dansaði kátt á Hattaballinu, enda ekki á hverjum degi sem svona gott tækifæri gefst til að lyfta sér upp og dansa við vini og kunningja.

„Hattaball á Grund“

Álit dómnefndar

Þessi ljóðræna og fallega mynd er full af hlýju, virðingu og lífsgleði. Fólk verður aldrei of gamalt til að skemmta sér.



Þjóðlegasta mynd ársins



„Undir hnífinn“

Sigurjón Jónasson, bóndi á Lokinhömrum í Arnarfirði, er síðasti ábúandinn í Lokinhamradal. Öllu sauðfénu var smalað saman um helgina og það leitt til slátrunar, um 60 kindur.

Álit dómnefndar

Íslenska sauðkindin, bóndabær, brattar hlíðar, hrjóstrugt land, sjór, þungbúin ský og bændur sem bera með sér nábyli við óblíð náttúruöflin. Verður það þjóðlegra?



Ragnar Axelsson/
Morgunblaðið



Pjetur Sigurðsson/
DV/Fréttablaðið

Fylgst með fréttum á sakamannabeknum í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Álit dómnefndar

Það hefur færst í vöxt að fjölmiðlar séu við dómsali þegar fjallað er um sakamál sem fréttæm þykja. Menn grípa til ýmissa ráða til að hylja andlit sitt.

Skoplegasta mynd ársins



„Dagblaðalestur ekki á undanhaldi“



Myndröð ársins 2004



„Tsunami Tæland“



Sverrir Vilhelmsson/
Morgunblaðið

Þegar flóðbylgja dundi á ströndum Suðaustur-Asíu voru flestir óviðbúnir henni og það tók líka nokkurn tíma fyrir heimsbyggðina að átta sig á umfangi hamfaranna. Fréttaljósmyndarar upplýstu hana um það öðrum betur.



Álit dómnefndar

Það fer ekki á milli mála að hamfarirnar við Indlandshaf voru stærsti fréttaviðburður liðins árs. Þessi myndasería er sérlega vel heppnuð að því leyti að hún sýnir margar hliðar. Eyðileggingu, sorg, björgunartilraunir, hjálparstarf, uppbyggingu en einnig gleði mitt í öllum þessum hörmungum.



Agnes Bragadóttir og Andrés Magnússon ræða málin fyrir matinn.



Gisli Einarsson var veislustjóri. Hér er hann á tali við Hafliða Helgason og nýbúinn að sýna honum forlata gúmmískó sína.



Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Brynja Þorgeirsdóttir og Brynhildur Ólafsdóttir.

Bók með myndum ársins í fyrsta sinn

Sýning Blaðljósmyndarafélags Íslands var opnuð þann 14. febrúar sl. og verðlaun fyrir bestu ljósmyndir ársins 2004 voru veitt við opnunina eins og venja er. Nú hefur verið tekinn upp sá siður að láta afhendingu Blaðamannaverðlauna og verðlauna Blaðljósmyndarafélagsins fara fram samdægurs og er „pressupenni“ eða „blaðamannakompás“, verðlaunagripur Bl. líka veittur þeim ljósmyndara sem á ljósmynd ársins, en í fyrra voru verðlaunin eingöngu veitt blaðamönnum sem sigruðu í flokkunum þrem.

Þá var jafnframt tekin upp sú nýbreytni í ár að Blaðljósmyndarafélagið gaf út í fyrsta skipti bók með myndum ársins 2004.

Þorvaldur Örn Kristmundsson formaður BlÍ segir að þessi bók sé öll sú glæsilegasta og ekkert hafi verið til sparað. Bókin er prentuð á besta pappírinn í lit og hver mynd lökkuð. Hönnun og útlit glæsilegt og innihald er þverskurður samfélagsins á seinasta ári. Í ávarpi á heimasíðu BlÍ segir Þorvaldur m.a.: „Gífurlegur kostnaður fylgir svona útgáfu og þakkar BlÍ Íslandsbanka fyrir að vera einn stærsti fjárhagslegi bakhjarlinn og verður honum seint þakkað nóg samlega fyrir að styðja við bakið á íslenskum blaðljósmyndurum. Það má með sanni segja að þeir hafi komið af stað einni merkustu heimild liðins árs á prent og verður Bjarna Ármannssyni forstjóra og hans nánustu samstarfsmönnum í

Íslandsbanka ávallt minnst fyrir þeirra framlag til ljósmyndalistarinnar.

Seinasta ár var mikið fréttáár og fjölbreytileiki þess endurspeglast í myndunum á sýningunni. Eins og ávallt eru fréttaljósmyndarar óserhlfirir í vinnu sinni og hafa náð góðum árangri við listsköpun sína í að kynna almenningi lífið í þjóðfélaginu. Eitt hvað sem gleymist ekki, eitthvert þjóðlífsbrot hverju sinni fyrir næstu kynslóðir. Eins og ég hef oft sagt og segi enn, íslensk blaðljósmyndun er sannarlega án landamæra.“

Bókina er hægt að nálgast á sértilboði á meðan á sýningunni stendur í gegnum skrifstofu Blaðamannafélagsins en eftir það fer hún í almenna sölu í bókabúðum.

Á PRESSUBALLI



Glaðvær hópur blaða- og fréttamanna af RÚV og Víkunni ásamt mökum.



Sest að borðum. F.v. Ragnhildur Vigfúsdóttir, Hafliði Helgason, Stefania Þorgeirsdóttir, Karl Blöndal, Hilmar Þór Guðmundsson og Róbert Marshall.



Fyrrum formenn, þeir Hjálmar Jónsson og Lúðvík Geirsson, stinga saman nefjum ásamt Hönnu Björku Lárusdóttur, eiginkonu Lúðvíks.



Birna Anna Björnsdóttir (t.v.) og Inga María Leifsdóttir.

Mannlegur harm- leikur í sviðsljósinu



Blaðamannafélag Íslands, Dómstólaráð, Biskupsstofa og Lögmannafélag Íslands gengust þann 10. mars sl fyrir málþingi í Neskirkju í Reykjavík þar sem fjallað var um opinbera umfjöllun um sakamál og önnur viðkvæm persónuleg mál. Mikið fjölmenni mætti á málþingið sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Karl Sigurbjörnsson ávörpuðu. Þrjár framsögur voru fluttar, en það gerðu þau dr. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur, Sigurður Tómas Magnússon, formaður Dómstólaráðs og Sveinn Helgason fréttamaður á RÚV. Að framsögum loknum fóru fram umræður í pallborði með þeim Boga Nilsyni, ríkissaksóknara, Brynjari Nilsyni, hrl., sr. Halldóri Reynissyni, verkfnisstjóra á Biskupsstofu, Kristjáni Guy Burges, fréttastjóra DV, og Ólöfu Pétursdóttur dómstjóra.

Stjórnandi málþingsins var Arna Schram, varaformaður Blaðamannafélagsins.

Fjórugar umræður urðu á málþinginu og meðal annars var komið inn á það hvort umfjöllun um mál kynni á stundum að vera sakborningum þungbærari en dómsniðurstaðan sjálf. Þannig benti Halldór Reynisson á að skömmin væri sterkt afl og dómur í lokuðu dómhaldi væri stundum ekki það versta heldur umfjöllun sem væri mönnum og fjölskyldum þeirra stundum illbærileg skömm. Bogi Nils-

son tók í svipaðan streng þegar hann rifjaði upp norska könnun sem sýndi að það versta í dómsferli að mati sakborninga væri einmitt umfjöllun fjölmíðla og myndbirting. Hins vegar virtust menn sammála um mikilvægi opinna dómþinga en að ákveðnar reglur þyrfti – Bogi minntist t.d. á að hvítleiðar væru myndir af sakborningum að hylja andlit sín og vandasamt að sjá hvaða tilgangi slíkar myndi þjónuðu. Raunar kom það itrekað fram hjá Boga að hann taldi ástæðu til að blaðamenn skilgreindu hvaða þarfir væru fyrir hendi varðandi upplýsingaöflunina og hvaða tilgangi frásögnin ætti að þjóna og síðan yrðu þá settar reglur sem tryggðu að þær upplýsingar sem þörf væri að kæmu fram myndu liggja á lausu. Brynjar Nielsson taldi mikilvægt að menn færu að almennu velsæmi og taldi það brenna við að í umfjöllun kæmi jafnvel stundum fram tilhneiging til að niðurlægja eða hæða fólk. Tók hann sem dæmi uppnefni sem sést hafa s.s. „Feiti barnaniðingurinn“ eða „Kennaradóninn“. Í þessum orðum Brynjars eins og raunar í mörgum fleiri athugasemdum sem þarna komu fram beindu menn spjótum sínum að DV en Kristján Guy Burges kvað DV eingöngu vera að reyna að ná eins víðtækum upplýsingum um mál sem þeir teldu mikilvæg og hægt væri. Vissulega kæmu fyrir ein og ein fyrir-

sögn sem væri óheppileg en slíkt væri einungis mannlegt og gerðist á flestum bæjum. Flestir sem til máls tóku virtust á þeirri skoðun að mikil og ágeng umræða um harmleiki eða sakamál væri viðbótarrefsing fyrir þá sem fyrir yrðu og eins og Erlendur Baldursson benti á þá gæti slík umfjöllun og stimplar sem henni fylgdu gert bæði rannsókn mála og fullnustu refsinga erfiðari en ella.

Hagamelsmálið, sem svo hefur verið kallað, kom nokkuð við sögu í tengslum við þá línu sem talin er liggja milli þess sem er eðlilegt að fjalla um og birta og þess sem ekki á erindi á opinberan vettvang. Sérstaklega var framganga DV í því máli gagnrýnd og DV sakað um að sýna ónærgætni og yfirgang. Því vísaði Kristján Guy Burges á bug en fram kom í umræðunum kona sem ritað hafði minningargrein um hið látna stúlkubarn og sagði frá reynslu sinni af DV. Blaðið hafði þá haft samband til að fá hjá henni upplýsingar eftir að hafa séð nafn hennar á minningargrein – þar sem hún var á leiðinni í útförina. Fannst henni sem bæði spurningar og tilefni og ágengnin í því tilfelli hefði verið algerlega óásættanleg.

Hér á eftir eru birtar þrjár greinar sem allar byggja að stofni til á framsöguerindum sem flutt voru á ráðstefnunni.

Ólíkir fjölmiðlar Ólík vinnubrögð



Eftir
Svein Helgason

Fjölmiðlar eiga ekki að vera allir steyptir í sama mót – þeir eiga að vera ólíkir og sem betur fer gildir það um íslenska fjölmiðla. Þetta birtist meðal annars í umfjöllun þeirra um sakamál og þá sem þar eiga í hlut.

Umfjöllun um saka- og dómsmál hefur vaxið talsvert að umfangi í fjölmiðlum hér á landi undanfarin ár. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður – þjóðfélagið hefur breyst – það er að ýmsu leyti orðið flóknara og það endurspeglast líka í afbrotum. Þá hafa nýir brotaflokkar komið til sögunnar þó sumir þeirra séu ekki stórir að umfangi, að minnsta kosti ennþá. Ég nefni innherjasvik og ýmis fjármálabrot sem tengjast ört vaxandi fjármálamarkaði og jafnframt brot sem tengjast nýrri tækni – svo sem netinu – þar á meðal meintri ólöglegri dreifingu á kvikmyndum, tónlist og fleiru. En hin brotin eru líka á sínum stað: ofbeldisbrot, fíkniefnabrot og kynferðisbrot.

Fólk á að hafa val

Svo er það spurningin hversu mikinn áhuga fólk – lesendur, hlustendur og áhorfendur hafa á sakamálum og þeim sem þar eiga í hlut. Hversu djúpt

vill fólk að kafað sé í málin? Á að birta nöfn og myndir af sakborningum, þolendum, dómurum og svo framvegis? Hversu náð á að lýsa málsatvikum sem til dæmis er greint frá í réttarhöldum eða dómum? Ég held því fram að fjölmiðlaneytendur hafi afar misjafnir þarfir í þessu efni, ef svo má að orði komast. Sumir vilja fá nöfn gerenda, þolenda og nokkuð ítarlegar lýsingar á því sem gerst hefur. Aðrir vilja það ekki og hafa skömm á fjölmiðlum sem ganga langt í umfjöllun um sakamál með nafnbirtingum, myndbirtingum og öðru í þeim dúr. Fólk á þannig að fá að velja á milli fjölmiðla, en það breytir því ekki að þeir sem vinna á fjölmiðlunum, blaðamenn, ritstjórar og aðrir bera ábyrgð. Þeir verða að geta rökstutt hvers vegna það er til dæmis nauðsynlegt að birta nöfn og myndir. Þeir verða að kafa ofan í málsatvik og vera samkvæmir sjálfum sér. Ef ákveðin lína er dregin þá eiga þeir að halda sig við hana. Að sama skapi ættu hinir sem vilja fara sér hægar í umfjöllun af þessu tagi að rökstyðja af hverju þeir vilja fara þá leið – er það af umhyggju fyrir þolendum, lesendum eða öðrum? Það getur líka verið stutt í hræsningu, að sleppa því að birta nafn eða mynd þegar flestir vita hverjir eiga í hlut. Auðvitað er það líka þannig að það skiptir máli hver sakborningurinn, gerandinn eða þolandiinn er, hvort það er þekktur stjórnmalamaður, skemmtikraftur eða fjármálamaður. Fréttin er misjafnlega stór eftir því hver á í hlut. Þess vegna getur verið nauðsynlegt að meta hvert mál fyrir sig þó menn hafi til hliðsjónar siðareglur, lög og almennt velsæmi. Auðvitað hljóta fréttar- og blaðamenn að velja fyrir sér hvaða áhrif umfjöllun þeirra hefur til

dæmis á gerendur eða þolendur í sakamáli – við erum öll manneskjur. En ef menn ætla að feta þann veg að vera ágengir er eins gott að vanda sig og fara til dæmis rétt með allar staðreyndir.

Umfjöllun um geðsjúkt fólk er afar vandasöm, að ekki sé talað um þegar það fremur afbrot. Það þýðir ekki að slík máli eigi að liggja í þagnargildi eða að þau teljist ekki fréttir. Spurningin snýst kannski frekar um hvernig þeirri umfjöllun er háttað.

Hagamelsmálið

Mál geðsjúkrar móður í Reykjavík, sem varð dóttur sinni að bana hefur vakið mikla athygli og DV hefur verið gagnrýnt fyrir umfjöllun sína um málið. Geðhjálp sendi frá sér tilkynningu fyrir skömmu þar sem skorað er á blaðið að virða siðareglur blaðamanna og lýst var vanþóknun og furðu á umfjöllun þess um einkamál geðsjúkra einstaklinga. Haft er eftir formanni Geðhjálpur í Morgunblaðinu að bágindi geðsjúkra hafi verið aflutt í blaðinu og þeir gerðir að sakamönnum. Formaður Geðhjálpur hófðar til sómakennar hjá blaðamönnum á DV og sómakennar blaðamannastéttarinnar í heild. Hann orðar það þannig að þessi skemmdu epli megi ekki skemma fyrir blaðamönnum í landinu.

Nú þekki ég suma blaðamenn á DV og get fullyrt að þeir hafi til að bera ríka sómakennar. Um þá sem ég þekki ekki get ég ekki fullyrt. Ég er þeirrar skoðunar að blaðið hafi farið yfir strikið í umfjöllun um móðurina á Hagamel. Ég tel að blaðið hafi ekki sýnt þeim sem þar áttu hlut að máli tilhlyðilega nærgætni og samúð. Stundum er slíkt nauðsynlegt í fréttum, þó



Karl Sigurbjörnsson biskup og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra fluttu ávörp í upphafi málþingsins. Báðir fögnuðu því því frumkvæði að efna til umræðu um þessi mál. Hér sjást þeir hlýða á framsögumenn. Ljósmynd: sbs

það geti hugsanlega gert það að verkum að það er ekki hægt að segja alveg alla söguna. Það verður hver blaða- og fréttamaður að vege og meta hverju sinni. Siðareglur geta í þessum efnum verið ákveðið hald, en fyrst og fremst eru þær orð á blaði – við verðum að nota dómgreindina og mér finnst að dómgreindin hafi brugðist DV í þessu máli. Ég er þannig til dæmis sammála Hreini Skagfjörð Hákonarsyni fangapresti sem ritar um ágenga fjölmiðla á heimasíðu sinni og segir að ítrekaðar nafn- og myndbirtingar í umfjöllunum um geðsjúka afbrotamenn geti verið salt í sárin.

Ég ætla rétt að vona að við sem vinnum á fjölmiðlum höfum það ekki að markmiði að særa eða meiða að óþörfu þá sem í hlut eiga í sakamálum og ég held að svo sé almennt ekki. Ef til dæmis á að fjalla um málefni geðsjúkra afbrotamanna verður að vanda vel til verka, en það þýðir ekki að við á fjölmiðlunum eigum að vera hrædd við að fjalla um slík mál. Sérstaklega rík ástæða er til að fjalla um þessi mál ef við sjáum einhvern tilgang í því og get-

um bent á það sem megi betur fara, veitt stjórnvöldum aðhald og svo framvegis. Ég held raunar að það hafi að einhverju leyti verið tilgangur DV með umfjöllun sinni um Hagamelsmálið að sýna fram á að ymsar visbendingar hafi verið uppi um hvað gæti gerst, en kerfið hafi sofði á verðinum. Að mínu áliti hefði blaðið hins vegar getað náð tilgangi sínum með öðruvísi efnistöðum.

Ágengnin

Ég er sem sagt ekki alltaf sammála fréttamati eða framsetningu DV í umfjöllun um sakamál en það þýðir ekki að blaðið sé óalandi og eigi ekki heima meðal síðaðra fjölmiðla. Blaðið tekur á ýmsum málum sem er nauðsynlegt að fjalla um en hinir fjölmiðlarnir veigra sér við að gera. Þeir biða að minnsta kosti stundum eftir því að DV ríði á vaðið. Blaðið er ágengt, á að vera það, og mér finnst svona fjölmiðill nauðsynlegur. Ég vek til dæmis athygli á frétt um sjálfsvíg fanga á Litla-Hrauni sem blaðið sagði fyrst frá nú á mánudaginn – mér

fannst sú frétt vel skrifuð og af nærgætni – í kjölfarið hafa aðrir fjölmiðlar tekið þessi mál upp.

Mér skilst að í smíðum séu siðareglur á DV og það finnst mér hið besta mál. Það er ekkert vist að þær siðareglur séu eins og þær sem við förum eftir á fréttastofu Útvarpsins en þær ættu þó að stuðla að því að menn sjái eftir hvaða hugmyndafræði DV vinnur og blaðamenn þess geti rökstutt efnistöð sín í erfiðum málum. Við verðum til dæmis að passa okkur á því að dæma ekki blaðið út frá stærðinni á fyrirsögunum eða orðanotkun. Leturstærðin getur stuðað okkur, að fá forsíðuna svona í andlitid ef svo má segja, en það er nú einu sinni eðli blaðsins að reyna að fanga athyglina, til dæmis í útstillingunum úti í næstu verslun. Svo ég vitni aftur í Hrein fangaprest þá segir hann að það hljóti ætíð að vera nokkur línudans hjá ágengnum fjölmiðlum að fjalla um alvarleg sakamál og það getur verið erfitt að halda sig á línunni.

Af því ég talaði um nafnbirtingar áðan þá vek ég athygli á því að DV

birtir ekki alltaf nöfn sakborninga og þeirra sem dæmdir hafa verið í sakamálum. Fyrir skömmu birti blaðið til dæmis frétt um ungan menntaskólapiilt, sem orðið hafði fyrir því að aka á eldri konu og verða henni að bana. Nafn pílltsins var ekki birt því ritstjórn DV hefur væntanlega ekki séð tilgang í því. Ég er því ekki þeirrar skoðunar að blaðamenn og ritstjórn DV séu samvískulausir fantar sem skeyti ekkert um líðan fólks sem það fjallar um.

Hvar liggja mörkin?

Hvar liggja svo mörkin? Hvernig er hægt að stunda þennan línudans í umfjöllun um sakamál? Það er ekkert einhlítt svar við þeirri spurningu. Ég held að nánast á hverjum einasta degi velti menn því fyrir sér á fjölmiðlum. Sjálfur hef ég sett mér þau mörk í umfjöllun um kynferðisbrot að fara ekki út í nákvæmar lýsingar á verknaðinum hverju sinni, hvernig barn er t.d. beitt kynferðislegu ofbeldi. Auðvitað reynir maður að upplýsa hlustandann um hversu alvarlegt málið er en það má geta út frá lýsingum á því hvaða áhrif verknaðurinn hafði á þolandann, hversu oft var brotið á viðkomandi, yfir hversu langt tímabil og hversu dómurinn var þungur. Hvað það varðar að tala við

gerendur, hef ég ekki stundað það nema í undantekningartilfellum. Það getur þó verið nauðsynlegt. Auðvitað skiptir máli um hverskonar mál er að ræða. Ég hef það líka sem reglu í umfjöllun um dóma í til dæmis kynferðisbrotamálum að láta að sjálf-sögðu hlið sakborningsins koma fram, að hann neiti sakargiftum og svo framvegis.

Það eru til fréttareglur á Ríkisútvarpinu og ég veit að það eru til síðareglur Blaðamannafélagsins. Ég ætla ekki að rekja þær hér. Ég notast í raun lítið við þessar reglur og ég held að kollegar mínir séu ekki að skoða þær á hverjum degi. Ég fann ekki fréttareglurnar í morgun þegar ég leit aði á borðinu mínu. Það þýðir ekki að við förum ekki eftir þeim. Þegar maður gengur inn á fjölmiðil eins og Fréttastofu útvarpsins tileinkar maður sér einfaldlega ákveðin vinnubrögð, ákveðna stefnu. Við segjum fréttir af sakamálum, við viljum vera fyrstir með þær fréttir – á undan DV! Við segjum þær bara öðruvísi, tölum ekki í sama mæli við aðstandendur brotamanna, gerendurna sjálfa eða fórnarlömbin. Notumst kannski meira við dómama sjálfa í sakamálum þar sem þetta fólk segir hugsanlega sína sögu. Það verður líka að hafa í huga miðlinn – það er ábyrgðarhluti að útvarpa til

dæmis viðtali við fólk sem ekki er í jafnvægi. Á öðrum fjölmiðlum kunna menn að fara aðrar leiðir, en ég sé hreinlega ekki tilganginn í nákvæmum lýsingum á kynferðislegu ofbeldi. Aðrir hljóta að sjá einhvern tilgang í umfjöllun af þessu tagi og þeir verða þá líka að verja það – einkum gagnvart þolandanum – jafnvel þó nafn viðkomandi sé ekki birt.

Skylda og aðalsmerki

Það eru sem sagt mörk í umföllum fjölmiðla um sakamál. Við sem vinnum á fjölmiðlunum getum ekki gert það sem okkur synist. Ég get ekki gefið út hér og nú hvar mörkin liggja – jafnvel þó ég myndi leggja fram afar ítarlegar síðareglur í mörgum liðum. Það yrðu alltaf grá svæði og við þyrftum að nota dómgreindina. Það verður stundum ekki hjá því komist að mannlegur harmleikur sé þar í sviðsljósinu. Við á fjölmiðlunum verðum að segja fréttir af mannlífni, samfélaginu, eins og það lítur út, hvorki fegra það né draga allt niður í svaðið. Það er okkar hlutverk og skylda, en sanngirni, heiðarleiki og vönduð vinnubrögð eiga að vera okkar aðalsmerki.

Höfundur er fréttamaður á Ríkisútvarpinu.

Námsstyrkir 2005

Stjórn Endurmenntunarsjóðs blaðamanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ á tímabilinu

júní-deseember 2005

Umsóknum skal skilað fyrir **22. apríl** nk. til skrifstofu BÍ. Hægt er að sækja um á heimasíðunni www/press.is eða fá eyðublöð á skrifstofu BÍ.

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við Háskóla Íslands
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þátttökugjöldum.

Munið umsóknarfrestinn til 22. apríl

Fjölmiðlaumfjöllun um sakamál frá sjónarhóli afbrotafræðinnar



Eftir
dr. Hildigunni
Ólafsdóttur

Fjölmiðlar hafa verið kallaðir fjórða valdið sem stendur til hliðar við lög-gjafar-, framkvæmda- og dómsvald. Í þessu sambandi er oft ekki gerður greinarmunur á því hvort verið er að tala um eigendur miðlanna eða fréttamennina. Fjölmiðlar og þá einkum fréttastjórar og vaktstjórar hafa það hlutverk að ákveða hvaða málum er hleypt að í umræðu samfélagsins, þeir eru eins konar dyraveiðir, en þeir eru líka dagskrárstjórar því að þeir stýra umræðunni, frá hvaða sjónarhorni er fjallað um mál og hvernig það er gert. Stundum eru fréttamenn líka beinir þátttakendur í umfjölluninni eins og gerðist í fjölmiðlamálinu í fyrra. Aðkoma fréttamanna að sakamáli er fjölmiðlum er því margs konar.

Lög og refsingar

Innan afbrotafræðinnar er löng hefð fyrir því að líta á brot og refsivíðurlög sem eðlilega þætti í samfélaginu sem skýri reglur og styrki félagslega samheldni. Þegar einhver brýtur lögin verða reglurnar oft skýrar. Til þess að refsingar hafi varnaðaráhrif þarf fólk að vita hverjar þær eru og fyrir hvaða brot er verið að refsa. Spyrja má, hvernig fær almenningur slíka fræðslu? Hvernig er þessu háttað í upplýsingasamfélaginu? Hvernig þekkingin berst frá réttarvörslukerfinu til almennings er raunar mjög lítið rannsakað. Dómstólar og lögregla hafa að því er ég best veit

ekki upplýsinga- eða fræðslufulltrúa og því er hér ekki um skipulegt upplýsingastreymi að ræða. Fjölmiðlar hafa því nokkuð frjálssar hendur þegar kemur að umfjöllun sakamála.

Markmið refsinga

Að baki hugmyndum um refsingar liggja annars vegar endurgjaldskening og hins vegar nytjastefna. Endurgjaldskeningin gerir ráð fyrir því að refsingin sé endurgjald vegna þess tjóns sem afbrotið hefur valdið og refsingin eigi því að vera í réttu hlutfalli við brotið. Samkvæmt nytjastefnunni er markmiðið með refsingum hins vegar að koma í veg fyrir afbrot. Vissan um að refsing fylgi broti á að hafa fælingaráhrif. Á undanfarandi árum hefur ekkert eitt sjónarmið verið ríkjandi í viðurlagapólitíkinni (Ragnheiður Bragadóttir 2003, Kristrún Kristinsdóttir 2003). Færa má rök fyrir því að refsingar í kynferðisbrotum séu einkum byggðar á endurgjaldskeningum. Nytjastefnan hefur fremur ráðið ferðinni í ávana- og fíkniefnabrotum en rök fyrir þyngri refsingum þeirra eru fyrst og fremst varnaðaráhrif refsinga.

Hvenær er fjallað um sakamál?

Fljótt á lítið virðist sem fjölmiðlar fjalli einkum um sakamál á tveimur tímupunktum. Þegar kemst upp um brotið og þegar dómur hefur fallið. Eftirfarandi dæmi eru tekin af heimasíðu RÚV, ríkisútvarpsins.

Þrjú fíkniefnamál í Hafnarfirði
Þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar í Hafnarfirði í nótt. Að minnsta kosti 50 grömm af amfetamíni fundust við húsleit í íbúðarhúsi í Hafnarfirði í nótt og voru 2 handteknir. Lögregla hafði fylgst með húsinu um nokkurt skeið.

Ökumaður sem þótti grunsamlegur var stöðvaður á Arnarnesi og fannst talsvert af marjúana og amfetamíni í fórum hans. Hann og kona sem var með honum í bílnum voru handtekin.

Þá barst tilkynning til lögreglu um ósætti fyrir utan iðnaðarhúsnæði og fannst þá innandyra kannabisplanta sem var um einn metri á hæð. Tveir voru handteknir.

(Heimild: heimasíða RÚV, fréttin var fyrst birt: 18.2.2005 11.10)

Hér er sagt frá eftirlitsferðum lögreglu. Í eftirfarandi frétt af dómi sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur er viðfangsefnið allt annað. Hér er verið að lýsa fjölskylduharmleik.

Dæmdur fyrir brot gegn stjúpdóttur
Rúmlega fertugur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni 1.200.000 krónur í miskabætur.

Stúlkan var átta ára þegar brotin hófust árið 1989 og stóðu þau þar til hún var þrettán. Maðurinn neitaði alfarið að hafa misþyrmt stúlkunni. Móðir stúlkunnar fór stundum ein á samkomur og var maðurinn þá einn með börnum hennar. Hann hélt því fram að barnið hefði leitað á sig, og hann hefði rætt það við móður stúlkunnar.

Stúlkan bar fyrir dómi að maðurinn hefði leitað á sig þegar móðir hennar var á samkomum, og einnig þegar hún hefði verið sofandi; þá hefði maðurinn komið í herbergi sitt. Hún bar að móðir sín hefði tekið málstað mannsins og þessi mál því ekkert rædd á heim-



Fjölmennti var á málþinginu. Frummælendur sjást hér fremst á myndinni, f.v. Sigurður Tómas Magnússon, Sveinn Helgason og Hildigunnur Ólafsdóttir. Ljósmynd: sbs

ilinu. Hún flutti síðar, vegna þessa til ömmu sinnar og afa, þrettán ára gömul.

Móðirin og stjúpfaðirinn skildu. Dómurinn taldi sannað að maðurinn hefði misþyrmt stúlkunni í fjölmörg skipti. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru um kynferðisbrot gegn bróður stúlkunnar, stjúpsyni sínum.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir ýmsa smáglæpi, þjófnað og fikniefnaneyslu. Hann rauf skilorð með brotum sínum og eru eldri dómur dæmdir upp í dómnum. Hámarksrefsing fyrir brot mannsins eru 12 ára fangelsi en hann er ekki beittur þyngri viðurlögum en þágildandi lög leyfðu.

(Heimild: heimasíða RÚV, fréttin var fyrst birt: 11.2.2005 15.14)

Þessi dæmi sýna að fréttin fangar ákveðin atriði en hvorki upphaf né endi atburðanna. Brot geta átt sér langan aðdraganda og brot og dómur geta haft langvarandi áhrif.

Hvernig er fjallað um sakamál í fjölmiðlum?

Sjaldgæfir atburðir og harmþrungnir hafa fréttagildi: Hér er þversögnin sú að fjölmiðlar segja frá því sem er óvenjulegt og sérstakt en hið algenga og venjulega hefur ekki fréttagildi. Öll umfjöllun í nútímanum beinist að breytingum en ekki kyrrstöðu. Vandamálið verður að vera stórt og í vexti svo að það fái athygli. Umfjöllum um sakamál í fjölmiðlum er því ekki heildstæð heldur er tilhneiging til þess að draga athygli að hinu sérstaka. Þannig draga fjölmiðlar upp mjög takmarkaða mynd af sakamálu.

Sakamál hafa skemmtanagildi: Afþreyingarefni í sjónvarpi er ákaflega oft tengt lögreglu og afbrotum. En þó að sóknin í hina ímynduðu spennu sé mikil getur flétta spennusögunnar líkamnast í veruleikanum eins og gerðist í líkfundarmálinu í Neskaupstað. Slíkur fréttaflutningur er því ekki langt frá því sem kallað er raunveruleikasjónvarp en í því er raunveruleikinn sviðsettur.

Sakamál geta þjónað tilteknum og fjárhagslegum hagsmunum: Gula pressan sem einkenndist af æsifréttamennsku og stórum fyrirsögnum varð til í New York á síðustu árum 19. aldar og var ávöxtur mikillar samkeppni blaða (Guðjón Friðriksson, bls. 273). Morð og aðrir glæpir ásamt persónulegum harmleikjum og öðrum dramatískum atburðum voru uppistaðan í fréttaflutningi þessara blaða. Þau seildust æ lengra inn í einkalíf manna og höfðu tilhneigingu til að höfða til tilfinninga sem oftast en ekki byggðust á fordómum. Í bók Guðjóns Friðrikssonar (bls. 119) um sögu fjölmiðlunar á Íslandi má lesa að fram til 1913 hafði verið sagt frá sakámálum í stuttum og þurrum klausum í blöðunum en það ár var gerð tilraun til æsifréttablaðamennsku þegar Morgunblaðið velti sér upp úr manndrápsmáli undir fyrirsögninni „Bróðurmorð í Reykjavík“. Á forsiðu var mynd af Dúkskoti við Vesturgötu þar sem morðið átti sér stað og á næstu síðum mynd af sjálfu herberginu þar sem verknaðurinn var framinn. Athyglisvert er að myndmálið var notað á markvissan hátt þegar á

Þessum tíma. Birtar voru myndir af systkinunum og af kistunni í Dómkirkjunni er jarðarför hins myrta fór fram. Hörð viðbrögð við fréttinni af morðinu, sérstaklega nafnbirtingunni urðu til þess að þessum fréttáflutningi af afbrotamálum var hætt. Viðtæk, opin-ská og nærgöngul umfjöllun um sakamál er því ekki nýtt fyrirbæri.

Íslensk blöð á 19. öld og fram yfir aldamótin 1900 voru reyndar opin-skárrí um einkahagi manna en síðar varð (Guðjón Friðriksson bls. 272). Þegar einhver framdi sjálfsmorð var jafnan sagt frá því í blöðum, viðkomandi einstaklingur nafngreindur og greint frá hvernig hann svipti sig lífi. Ekki var þessu slegið upp í söluskyni heldur var sagt frá þessu í smá-klausum eins og hverjum öðrum tíð-indum. Nú á dögum þykir ekki við hæfi að segja opinberlega frá sjálfs-vígum eða óvenjulegum mannslátum vegna þess að hin síðferðilegu viðmið hafa breyst.

Sagan segir okkur að óvægin fjölmiðlaumfjöllun, þar sem gengið er á friðhelgi einkalífs og einkamál einstaklings eru ekki virt, á sér stað þegar samkeppni í fjölmiðlaheiminum er mikil og þá er freisting að líta fram hjá siðareglunum.

Sakamál í þjóðfélagsumræðunni: Erfitt er að segja til um hversu mikil áhrif fjölmiðlar hafa haft á þjóðfélags-umræðuna um sakamál. Við fyrstu sýn virðist sem þjóðfélagsumræðan um afbrotamál hafi á síðustu árum verið einsleit og sú eina skoðun ráðandi að herða þurfi refsingar. Fyrst kom þessi krafa fram í tengslum við ávana- og fíkniefni (Brynjar Nielsson 2002). Því hefur verið haldið fram að dómari í fíkniefnamálum hafi þyngst vegna almenningsálitsins sem síðar leiddi til þess að löggjafinn hækkaði refsirammann. Áhrif þyngingar refsí-ákvarðana fyrir fíkniefnabrot hafa hins vegar ekki bara haft áhrif á þessi brot heldur hafa þau orðið að viðmiði fyrir önnur brot. Krafa um hertar refsingar virðist því hafa færst frá fíkniefnabrot-um yfir í kynferðisbrot.

Í refsipólitískri umræðu birtast oft margs konar sjónarmið sem saman mynda hið flókna hugtak sem kallað

er réttarvitund almenning. Róbert R. Spanó (2002) hefur fjallað um þetta og hafnar því að dómsstólar eigi að taka tillit til umræðunnar á hverjum tíma í þjóðfélaginu. Óánægjuraddir eigi að hafa áhrif á löggjafann en ekki dómara. Róbert og aðrir sem hafa fjallað um þetta telja að þjóðfélags-umræðan hafi áhrif á refsíakvarðanir dómara og sérstaklega krafan um þyngri dóma. Sveiflukennt almenningsálitið getur því skýrt hvers vegna dómsstólarnir njóta þverrandi trausts en lögreglan nýtir vinsælda. Ef dómsstólar eru ekki nógu fljótir að aðlaga sig eru þeir gagnrýndir fremur en löggjafinn eða lögreglan.

Gagnsemi fjölmiðla

Vald fjölmiðlanna liggur í áhrifum á viðhorf, atferli og dreifingu upplýsinga og þetta vald er hægt að nýta á marga vegu, bæði til góðs og ills fyrir samfélagið.

Skömmin: Sá sem er dæmdur af opinberum dómsstól fær refsingu en fjölmiðlaumfjöllun getur þyngt refsinguna og aukið á skömmina sem því fylgir að vera dæmdur fyrir afbrot. Um leið og fjallað er um sakamál í fjölmiðlum hefur einstaklingurinn misst stjórn á því sem verið er að afhjúpa (Sennet 2003). Skömmin íþyngir ekki bara sakborningi heldur líka maka, börnum, foreldrum og fjölskyldu.

Mál eða manneskjur: Freisting fréttamannsins er að gleyma brotinu og beina athyglinni að brotamanninum. Þetta á sérstaklega við þegar brotmaðurinn eða brotapolinn eru á einhvern hátt óvenjulegir. Ýktar lýsingar sem vekja hræðslu, hefndarhug og reiði eru til þess gerðar að skapa skrimslu sem eru ekki í neinum takti við raunveruleikann. Slíkar frásagnir skapa fjarlægð sem leiðir til samfélags útilokunar í stað umlykjandi samfélags þar sem tekist er á við vandann. Í rannsóknnum á ofbeldi er þekkt að brotamenn þekkja ekki sjálfa sig í lýsingum fréttamanna á afbrotum þeirra. Þá er líka mikilvægt að gera ekki lítið úr fólki hvorki brotapolum né brotamönnum eða starfsfólki réttarvörslukerfisins.

Fordæma atferli, ekki einstaklinga: Félagslegt taumhald byggist á því að láta í ljós andúð á óæskilegu atferli og hrósa góðri hegðun. Þess vegna er mikilvægt að fordæma atferli en ekki manneskjur.

Gagnrýnin umfjöllun eða mótun upplýsinga: Augljóst er að fjölmiðlar láta lögreglu og dómsstóla oft mata sig á upplýsingum. Óf náíð samband fjölmiðla og réttarvörslukerfisins getur dregið úr möguleika fréttamanna til að gagnrýna valdhafana. Þess vegna hlýtur viss fjarlægð að vera nauðsynleg. Án efa geta fjölmiðlar nýst sem hjálpartæki til þess að gera okkur hæfari til þess að takast á við afbrot, sinna brotapolum, mæta þeim sem hafa brotið af sér, láta þá svara til saka fyrir atferli sitt, taka þá í sátt og koma þeim aftur inn í samfélagið. Til þess að það megi verða þarf að forgangsraða, fjalla ítarlegar um fá og áhugaverð mál og sleppa umfjöllun um önnur. Þá má draga úr skemmtanagildinu því að það hefur sínar skuggahlíðar. Á móti mætti draga fram málefni sem varða grundvallaratriði, spyrja spurninga sem varða almannahagsmunum og þannig gætu fréttamenn átt þátt í að halda refsipólitískri umræðu vakandi.

Heimildir

- Brynjar Nielsson (2002). „Um glæpi og refsingar“. *Lögmannablaðið*, 8, 2:19-20.
- Guðjón Friðriksson (2000): *Nýjustu fréttir!* Reykjavík: Lönn
- Kristrún Krisintsdóttir (2003). „The deterrence of punishment“. Í *Crime and crime control in an integrating Europe*: NSfK's 45th research seminar. Helsinki: Nordiska Samarbetsrådet för kriminologi, bls. 139-146.
- Ragnheiður Bragadóttir (2003). „Markmið refsinga“. *Úlfjótur*, tímarit laganema, 56: 97-100.
- Róbert R. Spanó (2002). „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“. *Lögmannablaðið*, 8, 2: 21-22.
- Sennet, Richard (2003). *Respect in a World of Inequality*. New York & London: W.W. Norton & Company

Höfundur er afbrotaræðingur.

Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á málþinginu „Mannlegur harmleikur í sviðsljósinu“ í Neskirkju 10. mars sl.

Opinber málsmeðferð og hlutverk fjölmiðla



Eftir
Sigurð Tómas
Magnússon

Starfsemi dómstóla og fjölmiðla hafa marga snertifleti. Mannleg háttsemi er viðfangsefni beggja þótt þeir starfi á mismunandi forsendum. Fjölmiðlar veita dómstólum nauðsynlegt aðhald með gagnrýninni umfjöllun og dómstólum er fengið það vald að skera úr um hvar draga eigi línuna milli tjáningarfrelsis fjölmiðla og friðhelgis einkalífs þeirra sem fjölmiðlar hafa fjallað um og jafnframt að ákveða viðurlög þegar farið er yfir þessa línu. Þessi grein er fyrst og fremst skrifuð frá sjónahóli dómara og ber væntanlega vitni um þekkingarleysi greinarhöfundar á eðli fjölmiðla og störfum fjölmiðlamanna.

Opinber málsmeðferð í sakamálum

Ein af meginreglunum sem gilda um meðferð sakamála hér á landi er reglan um opinbera málsmeðferð. Þessi regla á stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Meginreglan er útfærð nánar í ýmsum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Almenn er viðurkennt í íslenskum og evrópskum rétti að opinber málsmeðferð sé einn af hornsteinum lýðræðislegs samfélags.

Tilgangur opinberrar málsmeðferðar

Upphaflegur tilgangur meginreglunnar um opinbera málsmeðferð var að tryggja réttarstöðu sakaðra manna gagnvart ríkisvaldinu. Sakaðir menn voru taldir eiga undir högg að sækja gagnvart hinu sterka ríkisvaldi og því brýn þörf á að veita þeim sérstaka réttarvernd að þessu leyti. Viðvera almennings í dómsölum var talin geta spornað við því að dómstólar misbeittu valdi sínu á kostnað sakbornings síns í skjóli leynilegrar málsmeðferðar. Almennari tilgangur reglunnar er að hún er talin veita dómstólum aðhald og vera til þess fallin að auka traust almennings á réttarkerfinu. Háleitari rök fyrir opinberri málsmeðferð eru að hún auki þekkingu almennings á réttarkerfinu og lögnum og stuðli að vel upplýstri og gagnrýninni umfjöllun og umræðum um starfsemi dómstóla. Þá eru skýr tengsl milli reglunnar og þeirrar almennu lýðræðislegu meginreglu að borgararnir eigi að hafa eins greiðan aðgang og mögulegt er að upplýsingum um starfsemi valdhafa. Loks má ætla að opinber málsmeðferð sé til þess fallin að fæla borgarana frá því að brjóta lögin. Rannsóknir benda hins vegar til þess að fælingaráhrif refsinga og opinberrar umfjöllunar um þær séu stórlega ofmetin nema í þeim brotaflokkum þar sem brot eru framin að vel athuguðu máli, svo sem skattsvik og fíkniefnabrot.

Hlutverk fjölmiðla

Þrátt fyrir að aðgengi almennings að dómsölum hér á landi hafi tekið stakkaskiptum með stórbættu húsnaði dómstóla eftir breytingar á dómstólaskipaninni 1992 liggur fyrir að almenningur leggur ekki leið sína í dómsalana. Þeir fáu sem verma þar bekkir eru í flestum tilvikum aðstand-

endur og vinir málsaðila, laganemar og annað skólafólk. Við meðferð margra mála eru engir áheyrendur viðstaddir.

Hinum þekktu danska refsiréttarfræðingi Hurwiz var það ljóst strax á árinu 1937 að fjölmiðlar gegndu lykilhutverki í því að tryggja að málsmeðferð fyrir dómstólum væri í raun opinber. Þá voru ekki aðrir fjölmiðlar en prentmiðlar og útvarp komnir til sögunnar en síðan hafa bæst við mun áhrifameiri fjölmiðlar svo sem sjónvarp og netið. Segja má að lítið legðist fyrir upphaflegt markmið reglunnar um opinbera málsmeðferð ef fjölmiðla nyti ekki við. Synd væri að segja að fjölmiðlar hafi sýnt meðferð sakamála áhugaleysi heldur hefur umfjöllun um sakamál allt frá fyrstu stigum lögreglurannsóknar og til afplánunar refsingar aukist mikið á síðustu árum.

Hagsmunir af fjölmiðlaumfjöllun

Auk hins mikilvæga hlutverks fjölmiðla við að tryggja opinbera málsmeðferð af sakamálum eru aðrir opinberir hagsmunir tengdir fjölmiðlaumfjöllun. Þannig geta fjölmiðlar veitt lögreglu ýmsa aðstoð við að upplýsa sakamál, t.d. með myndbirtingu af ákærðu og vitnum sem lögregla leitar að og auk þess komið ýmsum mikilvægum upplýsingum frá lögreglu og dómstólum á framfæri við almenning. Þá verður einnig að líta svo á að gagnrýni almennings og blaðamanna á starfsemi dómstóla þjóni þeim tilgangi að hafa áhrif á réttarþróun.

Helsta röksemd fjölmiðla fyrir birtingu viðkvæmra upplýsinga um sakamál og sakamenn hefur löngum verið að almenningur ætti rétt á upplýsingum um sakamál eins og annað það sem væri að gerast í þjóðfélaginu. Að nokkru leyti má fallast á þessi rök, en þau geta þó ekki réttlætt birtingu hvaða upplýsinga sem er. Áður

hefur verið minnst á almenna hagsmuni almennings svo sem þá að umfjöllun fjölmiðla um sakamál veiti fræðslu um réttarkerfið og lögin í landinu. Sérstaklega eiga þessi rök vel við um dóma Hæstaréttar sem hafa fordæmisgildi en fordæmi hafa verið viðurkennd sem ein af réttarheimildum í íslenskum rétti. Birting dóma og upplýsingar um þá hefur þannig svipað gildi og birting laga sem almennt er viðurkennt að sé ein af grundvallarforsendum réttarríkisins. Þá er almennt viðurkennt að refsingar fyrir brot eigi að vera tiltölulega fyrirsjáanlegar þannig að brotamaður geti vitað þegar hann fremur brot hvaða refsing liggja við því. Héraðsdómar jafnt sem dómar Hæstaréttar veita mikilsverðar vísbendingar um þyngd refsinga fyrir brot tiltekinnar tegundar og umfjöllun um þá gerir þannig refsingar við brotum fyrirsjáanlegar og er til þess fallin að styrkja fælingarmátt refsinga.

Einnig má hér nefna að birting nafna og mynda af hættulegum afbrotamönnum, sérstaklega kynferðisbrotamönnum, getur þjónað þeim tilgangi að vernda borgarana gegn þeirri hættu sem af þeim stafa. Þótt birting nafna og mynda geti hugsanlega komið í veg fyrir brot verða fjölmiðlar ávallt að hafa í heiðri þá grundvallarreglu að maður er saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Mistök við birtingu nafna og mynda og ónægðin umfjöllum getur valdið óbætulegum skaða, meðal annars fyrir þá sem hafðir eru fyrir rangri sök og fyrir aðstandendur sakaðra manna.

Aðrir síður virðingarverðir hagsmunir almennings eru að umfjöllun um sakamál og sakamenn hefur löngum verið talin vera ágætis afþreying og jafnvel skemmtun fyrir þá sem standa í hæfilegri fjarlægð frá atvikum, svipað og glæpareifarar og hryllingsmyndir. Þá svarar umfjöllun um alvarleg sakamál í mörgum tilvikum forvitni almennings.

Þegar fjölmiðlar eru gagnrýndir fyrir umfjöllun sína um sakamál er því oft slegið fram að umfjöllun um sakamál selji og þá skipti annað ekki máli. Ekki má gera lítið úr því að fjölmiðlar verða að skila arði eins og annar atvinnurekstur og þar sem sakamál eru fréttæfni er umfjöllun um þau arðvænleg og til þess fallin að skapa atvinnu. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að þessi grunnþingur atvinnurekstrar í samkeppnisumhverfi hlýtur að móta nokkuð efnisval og efnistöð fjölmiðla. Hann getur þó aldrei verið réttlætning óvandaðrar og ónægðinnar umfjöllunar.

Skuggahliðarnar

Fjölmiðlaumfjöllun er síður en svo alltaf í þágu sakbornings. Því hefur verið haldið fram að umfjöllun fjölmiðla geti í mörgum tilvikum verið sökuðum manni þyngbærari en



sjálf refsingin og þannig komið fram sem viðbótarrefsing. Velta má því fyrir sér hvort dómstólar ættu jafnvel að horfa til þess við ákvörðun refsingar ef nafn og mynd sakbornings hefur birst í fjölmiðlum en verjendur hafa farið fram á að refsing verði milduð þegar brotamenn hafa fengið slíka meðhöndlun í fjölmiðlum. Lengra yði gengið með því að gera myndbirtingu í fjölmiðlum formlega að sérstökum viðurlögum við tilteknum

brotum.

Í ljósi þess að mun oftast er fjallað um það í fjölmiðlum að sekir menn sleppi við refsingu eða fái of væga refsingu en hið gagnstæða og með hliðsjón af því hversu þyngbær nafn- og myndbirting getur verið brotamanni verður að fullyrða að hinn upphaflegi tilgangur opinberrar málsmeðferðar að vernda sakborning hafi snúist upp í andhverfu sína. Aðrir hagsmunir af opinberri málsmeðferð vega hins vegar þar upp á móti og hafa styrkt meginregluna í sessi.

Þótt segja megi að dæmdur maður, eða sá sem játað hefur brot fyrir lögreglu, hafi með broti sínu skapað sér þau órlög að verða dæmdur til refsingar, sæta opinberri umfjöllun og jafnvel fordæmingu samfélagsins verður hið sama ekki sagt um þá sem saklausir liggja undir grun og ekki um aðstandendur brotamanns. Að baki hverjum brotamanni er fjölskylda sem fjölmiðlar verða að sýna nærgætni í umfjöllun sinni. Þá eru oftast eitt eða fleiri fórnarlömb sem líða vegna gjörða brotamanns og fjölmiðlaumfjöllun getur verið verulega íþyngjandi fyrir þau. Sama má segja um vitni.

Fullyrða má að fyrirsjáanleg umfjöllun fjölmiðla geti fælt fórnarlömb frá því að kæra brot og vitni frá því að leggja réttlætinu lið með upplýsingum um brot. Fjölmiðlaumfjöllun getur því hæglega unnið gegn þeim grundvelli réttarríkisins að borgararnir treysti ríkisvaldinu fyrir því að refsa þeim sem brotið hafa reglur samfélagsins og getur jafnvel ytt undir að fórnarlömb kjósi fremur að taka réttlætið í eigin hendur eða láta óréttlætið yfir sig ganga. Þá getur ótímabær fjölmiðlaumfjöllun þó rétt sé farið með staðreyndir skaðað opinbera hagsmuni eins og t.d. rannsókn viðkomandi máls eða jafnvel rannsókn annarra tengdra sakamála. Röng eða villandi umfjöllun getur unnið opinberum hagsmunum sama ógagn.

Gagnrýni á fjölmiðlaumræðu

Gagnrýna má umfjöllun fjölmiðla um sakamál fyrir það að sjaldan er þar

fjallað með almennum hætti um afbrot í þjóðfélaginu eða um brot tiltekinnar tegundar og refsingar við þeim. Þegar slíkt er gert er umræðan yfirleitt sprottin af einu eða fáum slíkum málum sem hafa verið í sviðsljósinu. Í sjálfu sér er það eðlilegt en hin almenna umræða kemst þá oft litið út fyrir þetta tiltekna mál. Niðurstaða fjölmiðla í slíkri umræðu er oftar en ekki sú að viðkomandi brot séu mikill þjóðfélagsvandi, brotum slíkrar tegundar fari fjölgandi og þau séu að verða grófari. Stundum byggjast slíkar niðurstöður á könnunum en oftar virðist fremur byggt á tilfinningu viðmælenda eða fjölmiðlamanna sjálfra. Sjaldan er lagt í samanburð við önnur lönd og þegar fjallað er um refsingar er sjaldan hugað að orsökum þess að dómáramur dæma eins og þeir gera.

Allnokkuð ber á því að reynt sé að bera saman refsingar fyrir ólík brot gegn sama refsíakvæði eða jafnvel fyrir ólíkar tegundir brota. Fræðimenn hér á landi og erlendis hafa gagnrýnt slíka nálgun enda mjög mismunandi verndarsjónarmið og refsíakvörðunarástæður sem ráða för í hinum ólíku brotaflokkum.

Alvarleg afbrot eru óumdeilanlega fréttaefni og sömuleiðis handtökur manna sem grunaðir eru um þau. Á þeim tímavörðum hafa fjölmiðlar sjaldnast miklar upplýsingar til að byggja umfjöllun sína á. Í 4. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands segir m.a. að í frásögn af dóms- og refsímálum skuli blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður sé talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Á þessu stigi er nafn- og myndbirting af mönnum í gæsluvarðhaldi sérstaklega varhugaverð þar sem þeir hafa nær enga möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér. Þá getur ónægðin umfjöllun um sakamál á þessu stigi verið fórnarlömbum og aðstandendum þeirra og aðstandendum grunaðs manns sérstaklega sársaukafull. Fyllsta ástæða er til þess að blaðamenn virði á þessu stigi 3. gr. siðareglna sinna en þar segir að blaðamaður skuli vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýna fyllstu tillitsemi í vandasömum málum.

Hann skuli forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðingu.

Lögreglu er oft óhægt um vik að veita upplýsingar eða leiðréttar rangar eða villandi fréttir af rannsókn mála. Í sakamálum sem mikla athygli vekja fylgjast fjölmiðlar grannt með rannsókn málsins og jafnvel margar ekkifréttir fluttar af henni. Gagnrýni fer þá oft að beinast að lögreglu og ákærvaldi vegna seinagangs við rannsókn og útgáfu ákæru. Fyrir kemur að upplýsingar og jafnvel afrit af rannsóknargögnum berast fjölmiðlum. Þar sem sakborningar og verjendur þeirra fá fyrir eða síðar aðgang að rannsóknargögnum geta fjölmiðlum borist slík gögn eftir ýmsum leiðum. Augljóst er að birting slíkra gagna getur skaðað rannsókn verulega og ábyrgir fjölmiðlar verða að standast þá freistingu að birta allar upplýsingar sem þeim berast og axla þá samfélagslegu ábyrgð að eyðileggja ekki rannsókn máls og verða þess valdandi að brotamenn sleppi við refsingu.

Eftir útgáfu ákæru, og þá sérstaklega eftir að málsmeðferð fyrir dómi er hafin, hafa fjölmiðlar úr meiri upplýsingum að móða og ekkert er við það að athuga að sagðar séu fréttir af því sem fram kemur við meðferð sakamála í opnum þinghöldum. Sama máli gegnir um dómsuppsögur. Mikilvægt er þó að umfjöllun um niðurstöður dómsmála sé vönduð. Lágmarks-skilyrði er að fjölmiðlar greini rétt frá staðreyndum, reyni að nota hugtök rétt eða a.m.k. ekki á villandi hátt og reyni að draga skynsamlegar og sanngjarnar ályktanir. Fjölmiðlar verða oft að draga saman röksemdir dómara fyrir niðurstöðu en takmörk eru fyrir því hversu mikið er hægt að einfalda rök fyrir flóknum ákvörðunum. Fjölmiðlum væri því affararsælla að fjalla um færri mál og gera það með vandaðri hætti. Í umfjöllun um einstaka dóma ber mikið á gagnrýni á syknudóma, skilorðsbundna dóma og refsingar taldar of vægar. Upp á síðkastið hefur gagnrýnin jafnvel beinst að einstökum dómurum og niðurstöðum þeirra.

Svo virðist sem færst hafi í vöxt á

síðustu árum hér á landi að fjölmiðlar birti viðtöl við fórnarlömb og aðstandendur þeirra og jafnvel sakborninga og aðstandendur þeirra. Birting slíkra viðtala við fólk sem enn er í sárum og í hefndarhug er afar varhugaverð. Hún er þó e.t.v. táknað fyrir bættu réttarstöðu brotabola hér á landi og meiri áhrif þeirra á gang sakamála en var lengst af á 20. öldinni þegar nánast var litið svo á í refsivörslukerfinu að rannsókn, saksókn og dómsmál væri einkamál ríkisvaldsins sem fórnarlömbum kæmi lítt við.

Fyrir kemur að fjölmiðlar birti viðtöl eða greinar eftir fanga. Fangar njóta tjáningarfrelsis eins og aðrir en hver fjölmiðill ræður því hins vegar hvað hann birtir. Ætla má að viðtöl við fanga sem gerst hafa sekir um alvarleg ofbeldisbrot geti verið fórnarlömbum og aðstandendum þeirra afar þungbær. Birting slíkra viðtala og greina getur einnig orðið til þess að hægar fyrnist yfir brot viðkomandi fanga í huga almennings og þar með verður erfiðara fyrir viðkomandi að snúa til baka út í samfélagið.

Fyrir kemur að fjölmiðlar fylgi sakamálum og sakamönnum alla leið í gegnum kerfið og sakamál hafa jafnvel fengið mikla umfjöllun löngu eftir að afplánun er lokið. Alltitt er að andinn í fréttum af málinu breytist mjög á þessum tíma eða úr fordæmingu á brotinu og brotamanni sem breytist síðan yfir í gagnrýni á rannsóknaraðila fyrir drátt á rannsókn og síðan gagnrýni á dómstóla fyrir vægan dóm. Þegar afplánun er hafin fá fangelsismálayfirvöld sinn skammt af gagnrýni. Í sumum tilvikum fer fanginn jafnvel að fá samúð og efasemdir vakna um hvort hann hafi réttilega verið dæmdur sekur. Dómstólar eru berskjaldaðir fyrir slíkri umfjöllun.

Myndatökur og birting mynda

Lífleg umræða hefur oft skapast um birtingu nafna og mynda af sökuðum mönnum í fjölmiðlum. Í lögum um meðferð opinberra mála eru engin sérstök ákvæði um slíka myndbirtingu. Birting mynda af fólki í fjölmiðlum án samþykkis þess getur þó varðað við lög. Í 1. mgr. 71. gr. stjórns-

arskrár segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í lögum um persónuvernd nr. 77/2000 er einungis að finna almenn ákvæði um meðferð fjölmiðla á persónuupplýsingum. Í 5. gr. laganna segir að vikja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Þó gildi ákvæði 1. og 4. tl. og 1. mgr. 7. gr. þegar persónuupplýsingar séu einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku. Í fyrrnefnda ákvæðinu segir að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti. Í því síðara segir hins vegar að við slíka meðferð skuli þess m.a. gætt að upplýsingarnar séu áreiðanlegar.

Síðareglur Blaðamannafélags Íslands hafa aðeins að geyma ákvæði um birtingu nafna en ekki mynda. Um nafnbirtingu segir svo í 4. gr. að blaðamenn skuli hafa í huga hvenær öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefjist nafnbirtinga. Þá verða blaðamenn einnig að hafa fyrrnefnda 3. gr. síðareglunnanna í huga við nafnbirtingar. Þótt e.t.v. sé ekki eðlismunur á nafnbirtingu og myndbirtingu er örugglega stigsmunur á þessu tvennu og ljóst að myndbirting gengur talsvert nær friðhelgi manna en nafnbirting þar sem viðkomandi þekkist eftir það hvar sem hann fer. Blaðamenn verða því að fara enn varlegar við birtingu mynda af grunuðum mönnum en við birtingu nafna. Birting nafna og mynda hefur hins vegar þann kost að léttu gruni af saklausum borgurum t.a.m. í sömu starfsstétt eða vinnustað sem kunna að vera tortryggðir af samborgurinum vegna fyrri fréttu af broti. Myndbirting getur að sama skapi komið alnófum grunaðs eða dæmðs manns vel ef nafn hans hefur áður verið birt.

Um myndatökur af sökuðum mönnum, vitnum og brotapolum í þinghöldum eiga við allt önnur sjónarmið en

um birtingu mynda. Í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála er kveðið á um að hljóðupptökur og myndatökur séu bannaðar í þinghöldum nema dómari heimili þær. Margir dómara hafa þó leyft myndatökur í dómsal meðan verið er að setja þinghald. Meginrökin fyrir banninu eru þau að rétt sé að ákærður maður njóti gríða meðan á dómsmeðferð stendur. Mikilvægt er að sem mest jafnræði sé milli ákærvalds og ákærða í dómsal. Myndatökur í dómsal geti truflað ákærða við að halda uppi vörnum og þannig komið í veg fyrir að hann njóti réttlátrar málsmeðferðar. Þá er mikilvægt að brotapolar og vitni njóti verndar fyrir myndatökum meðan á þinghöldum stendur þar sem hljóðupptökur eða myndatökur geta haft áhrif á framburð vitnis og jafnvel komið í veg fyrir að vitni treysti sér til að koma fyrir dóm. Með þessu lagaákvæði er engin afstaða tekin til þess þótt fjölmiðlar afli sér mynda af ákærðu, brotapolu og vitnum eftir öðrum leiðum og birti þær.

Rætt hefur verið um það í hópi dómara hér á landi hversu aðgangsharðir myndatökumenn á vegum fjölmiðla eru orðnir við sakborninga á leið að og frá dómhúsum, í dómhúsum og jafnvel í dómsölum áður en þinghöld hefjast. Ríkissaksóknari hefur einnig haft af þessu þungar áhyggjur. Algengt er að ákærðu reyni að skýla andliti sínu með öllum tiltækum ráðum. Fyrir margan sakborning fylgir því smán og niðurlægning að þurfa að mæta í þinghald þar sem þungar sakir eru á hann bornar og hann þarf að svara fyrir, oft frammi fyrir fjölda manns og ekki er á þá smán bætandi með myndatökum við þessar aðstæður. Jafnvel Spaugstofan hefur hæðst að þessum uppákomum. Farsímar sem hægt er að nota til að taka myndir og senda þær eru sérstakt áhyggjuefni dómstólanna.

Áhyggjur af sama háttalagi fjölmiðla í nágrannalöndum okkar hafa leitt til þess að í norskum og dönskum rétti hefur nýlega verið gengið mun lengra í lagasetningu varðandi myndatökur en hér á landi. Sama leið hefur verið valin í báðum löndunum en hún er sú að banna myndatökur af

sökuðum og dómfelldum mönnum í dómsölum, í dómhúsum og við dómhús á leið að og frá þeim, að viðlagðri sektarrefsingu (sjá 1. mgr. 131a. gr. norsku dómstólalaganna frá 1915 eins og þeim var breytt á árinu 1981 og 4. mgr. 32. gr. dönsku réttarfarslaganna eins og þeim var breytt á árinu 2004). Í dönsku lögunum nær bannið til myndatöku af vitnum og brotapolum. Viðkomandi getur þó veitt leyfi til slíkrar myndatöku. Sömu rök liggja þarna að baki og áður hafa verið nefnd fyrir 10. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála hér á landi. Væntanlega koma sambærilegar lagabreytingar og í Noregi og Danmörku til álita við þá endurskoðun. Æskilegra væri þó að fjölmiðlar tækju verklagsreglur sínar til endurskoðunar að þessu leyti svo ekki þyrfti að koma til slíkrar lagasetningar.

Njóta dómstólar sannmælis?

Nýlega voru birtar niðurstöður í svökölluðum þjóðarpól Gallup sem er skoðanakönnun um traust almennings á nokkrum stofnunum samfélagsins. Dómstólakerfið, eins að það er nefnt í könnuninni, reyndist aðeins njóta trausts 35% aðspurðra sem telja verður dapurlega niðurstöðu. Svipaðar niðurstöður hafa fengist á síðustu árum í sambærilegum skoðanakönnunum. Dómara hafa verulegar áhyggjur af þessu viðhorfi almennings og hafa leitað að skýringum í eigin frammistöðu, frammistöðu þeirra sem fara með stjórnslu, lagaumhverfi og ytri þáttum.

Þótt ávallt megi betur gera í starfsemi dómstóla verður að halda því til haga sem vel hefur til tekist hér á landi. Samanburður við þau Evrópulönd sem við kjósum oftast að bera okkur saman við kemur þar að gagni. Fullyrða má að íslenskt réttarkerfi standist í öllum grundvallaratriðum þær kröfur um réttláta málsmeðferð sem Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagt okkur á herðar þótt komið

hafi fyrir að við höfum líkt og aðrar Evrópuþjóðir þurft að slípa minniháttar agnúa af réttarkerfinu í kjölfar leiðbeininga frá Strassbourg. Nýleg skýrsla sem unnin var á vegum Evrópuráðsins um réttarkerfi Evróplanda sýnir að meðalmálsmeðferðartími í sakamálum á fyrsta dómstigi er sá stysti í Evrópu og dómskerfið eitt það ódýrasta miðað við þjóðartekjur þrátt fyrir að við séum í þriðja sæti í Evrópu hvað varðar málafljólda á hverja 100.000 íbúa (sjá <http://www.coe.int/T/E/Legal%5FAffairs/Legal%5Fco%2Doperation/Operation%5Fof%5Fjustice/Efficiency%5Fof%5Fjustice/>) Um skilvirkni íslenska dómskerfisins þarf því ekki að efast. Þá er íslenska dómskerfið afar gagnsætt miðað við önnur sambærileg kerfi og dóm- arar hafa ekki sætt gagnrýni fyrir spillingu eða mútuþægni.

Erfiðara er að bera saman aðra þætti milli landa svo sem sakfellingarhlutfall og þyngd refsinga þar sem þeir taka verulegt mið af löggjöf, t.d. refsiramma, og einnig lagahefðum í hverju landi. Þá verður hver og einn að meta hvort hátt sakfellingarhlutfall og þungar refsingar séu góður mælikvarði á gæði dómskerfisins. Sá tiltölulega fátæklegi samanburður sem þó hefur verið gerður á þyngd refsinga hér á landi og í öðrum Evrópulöndum hefur sýnt að refsingar fyrir sumar tegundir brota eru nærri meðaltali miðað við Evrópulönd en í öðrum vægari. Refsingar í flestum brotaflokkum eru hins vegar nokkuð svipaðar hér og á Norðurlöndunum en þau viljum við helst bera okkur saman við þegar félagslegir þættir eru skoðaðir.

Óhætt er að fullyrða að með stóru- aukinni umfjöllun fjölmiðla um sakamál hefur borið æ meira á gagnrýni á niðurstöður sakamála. Af umfjölluninni að dæma virðist fjölmiðlafólk og mikill meirihluti þeirra sem tjá sig í fjölmiðlum með réttu eða röngu vera

mjög ósammála dómurum landsins um niðurstöður einstakra dómamála og jafnvel um sönnunarkröfur og þyngd refsinga í ýmsum brotaflokkum, svo sem kynferðisbrota- málum og öðrum ofbeldisbrota- málum.

Enda þótt dóm- arar kenni fjölmiðlum engan veginn um hrakfarir dómstóla í mælingum á trausti almennings verður ekki undan því lítið að orsakasamhengi virðist milli fjölmiðlaumfjöllunar og



almenningsálitsins. Það er vissulega hlutverk fjölmiðla að gagnrýna dómstóla eins og aðra þætti ríkisvaldsins og veita þeim aðhald sem þeir fá ekki annars staðar frá. Í sjálfu sér eiga dómstólar enga heimtingu á að þessi gagnrýni sé alltaf málefnaleg og vönduð en það hlýtur þó að vera æskilegt og í samræmi við siðareglur blaðamanna að fjölmiðlar hafi það að leiðarljósi. Fjölmiðlar geta að sjálf- sögðu ekki sagt alla söguna en það sem sagt er þarf að gefa rétta mynd af því málefni sem verið er að fjalla um en ekki vera villandi og vekja óparfa tortryggni í garð þeirra sem að dóm- málum vinna.

Dóm- arar geta að sjálf- sögðu brugð- ist við á ymsan hátt. Þeir geta fallast á

gagnrýnina og tekið til við að sakfella fleiri og refsa harðar, hverjar svo sem afleiðingar þess yrðu. Löggjöfin og grundvallarhugmyndir um réttarríkið setja því þó skorður hversu hröð slík réttarþróun getur orðið. Þá geta dóm- arar eflaust rökstutt refsíakvarðanir sínar betur svo almenningur og fjölmiðlafólk hafi betri forsendur til að skilja niðurstöður dóma og sannfær- ast um að dóm- arar séu ekki ruglaðir, á villigötum eða úr takti við tíðarand- ann í refsíakvörðunum.. Í sama skyni gætu dómstólar varið fjármumun skattborgaranna í að ráða fjölmiðla- fulltrúa og gefa út fræðslu- og kyn- ningarefni í stað þess að leggja áherslu á að afgreiða sem flest mál með sem vönduðustum hætti. Eitthvað af öllu þessu mætti eflaust gera.

Fullyrða má að dóm- arar leggi sig alla fram um að komast að réttri og réttlátri niðurstöðu í öllum málum innan ramma laganna. Þetta á jafnt við um sönnunarmát og ákvörðun refsingar í víðasta skilningi. Dómstólar eru bundnir af lagaákvæðum og fordæmum við þessar ákvarðanir sínar, meðal annars af þeim fyrir- mælum 46. gr. laga nr. 19/1991 að maður verði ekki fundinn sekur nema fram sé komin sönnun sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rök- um. Þá er ákvörðun refs- ingar vandasant verk- efni þar sem taka þarf til- lit til fjölmargra atriða svo sem refsiramma, þ.m.t. hámarks- og lágmarksrefsingar, refsilækkunar- og refsilækkunarástæðna og ýmissa lög- festra og ólögfestra sjónarmiða sem hafa áhrif til þyngingar á refsingu eða ber að virða sem málsbætur

Vönduð lög- reglurannsókn og máls- meðferð fyrir dómi gerir sönnun- matið öruggara og nákvæmara og stuðlar þannig að því að færri sekir sleppa við refsingu og minni líkur eru á að saklausum verði refsað. Menntun, þjálfun og starfsskilyrði dómara eiga að tryggja að refsing sem ákveðin er hverju sinni hæfi brot- inu og brotamanni og með henni sé tekið hæfilegt tillit til fórnarlamba. Þótt

seint verði sagt að dómara séu óskeikulir og ákvarðanir þeirra hafnar yfir gagnrýni verður að hafa í huga að dómara eru sérfræðingar sem kynnt hafa sér mál sem þeir dæma í út í hörgul og þekkja þau betur en aðrir.

Það felst í eðli dómstarfa að dómara þurfa að taka margar óvinsælar og umdeilanlegar ákvarðanir. Þeir sem fara hallloka í dómsmálum láta oftast meira frá sér heyra en hinir sem telja dómstóla hafa staðfest sjálfsögð réttindi sín. Þá virðast ýmsir aðilar svo sem talsmenn félagasamtaka og jafnvel lögmennt hafa talið það málstað sínum eða skjólstaðinga sinna til framdráttar að gagnrýna dómstóla opinberlega, oft vægðarlítið. Þannig virðist raddir þeirra sem gagnrýna dómstóla vera mjög fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum. Dómara eiga erfitt með að verja sig þar sem löngum hefur verið lítið svo á að dómara eigi ekki að tjá sig um dóma sína heldur láta forsendur dómsins nægja. Þá hafa dómstjórar, Dómstólaráð og önnur dómsmálavirvöld enn sem komið er lítið gert til að svara gagnrýni í fjölmiðlum eða til að bæta ímynd dómstóla. Fáir aðrir koma dómstólum til varnar.

Áhrif og ábyrgð fjölmiðla

Ljóst er að á herðar dómara er lögð mikil ábyrgð enda hefur þeim verið falið að leysa úr hvers kyns ágreiningi sem upp kemur í samfélaginu og svipta sakborninga einhverjum mikilvægustu réttindum þeirra – sjálfu frelsinu. Þótt fjölmiðlar hafi ekki lögskipað hlutverk í sambandi við meðferð sakamála getur umfjöllun þeirra haft margháttuð áhrif í samfélaginu eins og áður hefur verið rakið. Fjöl-

